




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Borg

Arnarborg & Fálkaborg

2024 – 2025



SAMAN BYGGJUM VIÐ BORG

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
1.1 Tilraunaverkefnið „Fyrir í frístund“	3
1.2 Stytting vinnuvikunnar í leikskólaumhverfinu	4
1.3 Starfsumhverfi stjórnenda í Borg - sameinuðum leikskóla	4
1.4 Spennandi tímar framundan í Borg	6
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	7
2.1 Innra mat	7
2.2 Ytra mat	12
2.2.1 Jákvæðar niðurstöður viðhorfskönnunar	12
2.2.2 Tækifæritil umbóta út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar	14
3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025	19
4 Innra mat deilda 2023 - 2024	23
4.1 Innra mat Lóuholts 2023 – 2024	23
4.2 Innra mat Spóaholts 2023-2024	24
4.3 Innra mat Krummaholts 2023 - 2024	25
4.4 Innra mat Arnarholts 2023-2024	27
4.5 Innra mat Fálkaholts skólaárið 2023-2024	27
4.6 Innra mat Ugluholts 2023-2024	28
5 Innra mat sérkennslu	29
5.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025	30
5 Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	31
5.2 Umbótaáætlun - Fjöltyngi 2024-2025	32
6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla	34
6.1 Starfspróunarsamtöl	34
6.2 Endurmenntun og fræðsla	34
6.3 Starfsdagar	35
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	37
8 Foreldrasamvinna	37
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	38
10 Fylgiskjöl	39
10.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025	39
10.1.1 Lóuholt & Arnarholt – yngstu deildir í Borg (árgangar 2021 og 2022)	39
10.1.2 Spóaholt og Fálkaholt – miðdeildir í Borg (árgangar 2020, 2021 og 2022)	41
10.1.3 Krummaholt & Ugluholt – deildir elstu barna í Borg (árgangar 2019 og 2020)	43
10.2 Umsögn foreldraráðs	45





Leiðarljós Borgar

1 Greinargerð leikskólastjóra

Í júní 2023 kom ég aftur til starfa eftir árslangt fæðingarorlof. Þáverandi aðstoðarleikskólastjóri sem hafði leyst mig af, hætti störfum hjá Reykjavíkurborg það sumar. Í ágúst 2023 réði ég inn nýjan aðstoðarleikskólastjóra, Guðmundu Júlíu Valdimarsdóttur. Að öðru leyti var Borg fullmannaður leikskóli við upphaf skólaársins.

1.1 Tilraunaverkefnið „Fyrr í frístund“

Elstu börnin í Borg luku leikskólagöngu sinni við upphaf sumarlokunar 2023, enda vorum við þátttakendur í tilraunaverkefninu „Fyrr í frístund“. Það verkefni var prófað í fyrsta sinn í Reykjavík það sumar og fólst í því að elstu börn hættu fyrr í leikskólanum, með það að markmiði að bjóða yngri börnum fyrr vistun í leikskóla. Upplifun okkar af því verkefni var heilt yfir góð, enda börnin mörg hver tilbúin í auknar áskoranir sem felast í frístundarstarfinu. Það var þó ljóst að um tilraunaverkefni var að ræða og margt sem þurfti að endurskoða, breyta og bæta. Ekki var hægt að aðlaga ný börn inn fyrr það árið þrátt fyrir að elstu börnin kæmu ekki aftur eftir sumarlokun. Ástæður fyrir því voru helst tvær. Stjórnendur og starfsmenn höfðu verið búnir að skipuleggja orlof starfsfólks áður en ákveðið var að keyra tilraunaverkefnið. Að sama skapi var of skammur tími til að hafa samband við foreldra nýrra barna og bjóða í aðlögun snemma, þar sem svo seint kom í ljós að tilraunaverkefnið færi af stað. Verkefnið var svo endurtekið með breytingum núna í júní 2024, þar sem elstu börn hættu enn fyrr en árið 2023 eða 7. júní 2024.

Línurnar fyrir veturinn voru lagðar á starfsdegi og starfsmannafundi í ágúst 2023 þar sem farið var yfir hverjar áherslurnar okkar fyrir veturinn væru. Áherslurnar fólust mikil til í því að nota árið í að efla faglegt starf ásamt fleiri umbótaþáttum sem fjallað verður um síðar í starfsáætluninni. Eitt af því sem áhersla var lögð á var að kennarar og allt starfsfólk nýtti samningsbundinn rétt til undirbúnings, enda illmögulegt að krefjast faglegs starfs nema starfið væri vel undirbúið. Það tókst með ágætum og kennarar og annað starfsfólk sinnti undirbúningsstörfum með skipulögðum hætti sem aldrei fyrr.





1.2 Stytting vinnuvikunnar í leikskólaumhverfinu

Skólaárið 2023-2024 héldu tilraunir okkar áfram með útfærslu á styttingu vinnuvikunnar. Eins jákvæð og mér þykir hugmyndafræðin að baki styttingarinnar vera, hefur hún óneitanlega áhrif á starfið hjá okkur. Frá því stytting vinnuvikunnar tók gildi höfum við í Borg prófað ólíkar útfærslur með það markmiði að finna fyrirkomulag sem hentar starfseminni best. Það var mat starfsfólks og stjórnenda að styttingin í þeim útfærslum sem höfðu verið prófaðar væri lítið annað en streituaukandi fyrir alla. Þar sem fyrirkomulag styttingar vinnuvikunnar er sameiginlegt verkefni allra starfsmanna, taldi vinnutímahópur Borgar tilefni til endurskoðunar fyrirkomulagsins á starfsmannafundi í desember 2023. Þar var samþykkt með meirihlutaatkvæðum starfsmanna að prófa fyrirkomulag þar sem flestir starfsmenn taka út styttingu annan hvern föstudag. Það væri þó áfram sveigjanleiki fyrir þá starfsmenn sem óskuðu eftir að taka styttinguna með öðrum hætti, að því gefnu að það hentaði starfseminni. Ég get með sanni sagt að með fyrirkomulagi styttingarinnar, sem kosið var um í desember 2023, höfum við komist sem næst því að finna bestu útfærsluna á þessu verkefni fyrir starfsemina og starfsfólk. Þegar þessi orð eru skrifuð er ríflega hálf tveggja árið af fyrirkomulaginu með styttingu annan hvern föstudag hjá flestu starfsfólki. Upplifun mín sem stjórnanda er að vilja halda þessu fyrirkomulagi áfram og umræður milli starfsfólks eru þess eðlis sömuleiðis. Eftir að „föstudagsfyrirkomulagið“ var tekið upp hafa föstudagar verið skipulagðir sem flæðisdagar. Flæðisdagar í þeim skilningi að börnin geta flætt á milli stöðva í leikskólanum eins og þau vilja. Með útsjónarsemi og áhugasvið barnanna að leiðarljósi skipuleggur starfsfólk föstudaga með skráningu starfsfólks og viðfangsefni á stöðvar. Starfsfólk ber ábyrgð á sínum stað. Einnig eru tveir starfsmenn „gangaverðir“ sem hafa það hlutverk að vera á ferðinni um skólann og aðstoða börn sem á þurfa að halda á salerni, í leik eða hvað sem til fellur.

1.3 Starfsumhverfi stjórnenda í Borg - sameinuðum leikskóla

Frá sameiningu Borgar hefur verið einn leikskólastjóri og einn aðstoðarleikskólastjóri í Borg. Þeir stjórnendur, ásamt sérkennslustjóra, hafa verið sannkallaðir flakkarar á þessum tíma, með hlaupaskóna kyrfilega reimaða á fæturna, enda tilbúnir að hlaupa á milli húsanna tveggja hvenær sem er.





Þegar ég kom aftur til starfa eftir fæðingarorlof fann ég skýrar en nokkru sinni fyrir því hversu óheppilegt starfsumhverfi þetta er, þrátt fyrir að hafa unnið í þessu umhverfi síðan 2015. Mín upplifun á þessu fyrirkomulagi er að það er slítandi og slæmt fyrir flakkarana sjálfa en ekki síður fyrir allt starfsfólk í Borg. Í starfsumhverfi okkar, þar sem húsin tvö eru staðsett fjarri hvoru öðru, hefur verið ógerlegt að haga viðveru stjórnenda með þeim hætti að starfsfólk beggja húsa upplifi mikilvæga festu. Festan, sem mér er virkilega annt um að börn, aðstandendur þeirra og starfsfólk upplifi, felst meðal annars í því að stjórnandi sé alla jafna á staðnum til stuðnings og ráðgjafar, sýnilegur og innviklaður í daglega starfsemi. Það er öllum ljóst sem til þekkja, að í starfsumhverfi okkar koma daglega upp mál sem skiptir máli að starfsfólk, aðstandendur þeirra og/eða aðrir utanaðkomandi geti rætt við stjórnanda fljótt um. Það er einnig alkunna meðal okkar sem þekkja starfsumhverfi leikskóla, að nánd og nálægð við börn, aðstandendur þeirra og samstarfsfólk skiptir sköpum í því að tryggja farsælt samstarf. Út frá þessu finnst mér við í Borg hafa liðið fyrir að vera tveggja húsa skóli með aðeins einn leikskólastjóra og einn aðstoðarleikskólastjóra. Alla mína flakkaratíð í Borg hefur verið leitað að fyrirkomulagi sem hentar starfseminni best varðandi hvernig stjórnendur skipta sér á milli húsa. Markmiðið hefur verið að starfsfólk og aðrir utanaðkomandi upplifi áður nefnda festu. Eðli málsins samkvæmt hefur reynst flókið og hreinlega ógerlegt að skipta viðveru jafnt milli húsa, enda starf leikskólastjóra þess eðlis að þurfa að sinna verkefnum utanhúss þótt það leggist mismikið á vikur/mánuði.

Á vormánuðum fékk aðstoðarleikskólastjóri í Borg stöðu leikskólastjóra annarsstaðar í Reykjavík og hætti störfum í Borg um miðjan apríl 2024. Þegar sú staða kom upp, þar sem ástæðu uppsagnar mætti að stærstum hluta rekja til þess starfsumhverfis sem raunin er í Borg, ígrundaði ég stöðu mína og starfsumhverfi gaumgæfilega. Niðurstaðan var sú að eina lausnin sem ég taldi vera fyrir starfsumhverfið fyrir Borg, hvort sem hugsað væri út frá starfsfólki, börnum og/eða aðstandendum þeirra, væri að fá heimild til að ráða tvo aðstoðarleikskólastjóra sem yrðu „fastir“ í hvoru húsi. Það var ákaflega gleðilegt að fá að endingu heimild fyrir því. Auglýsinga- og ráðningarferlið gekk vonum frammar, þar sem ég valdi tvo hæfustu umsækjendur í störfin tvö. Signý Hlín Halldórsdóttir var ráðin í Borg/Fálkaborg frá júníbyrjun 2024 og Aldís Björk Óskarsdóttir hefur störf í Borg/Arnarborg í ágúst 2024.





1.4 Spennandi tímar í Borg

Að mínu mati höfum við í Borg nú frábært tækifæri til þess að efla lærdómssamfélagið og skólann okkar með nýju fyrirkomulagi á stjórnendateymi Borgar. Ég tel að nú sé raunhæfur möguleiki á að skapa mikilvæga festu með tveimur aðstoðarleikskólastjórum sem verða með fastar aðsetur, hvor í sínu húsi. Ég mun áfram vera í hlutverki flakkara á milli Arnarborgar og Fálkaborgar. Ég tel samt sem áður að með því að hafa aðstoðarleikskólastjóra í báðum húsum muni starfsumhverfi flakkarans breytast til batnaðar. Ég sé fyrir mér að hlaupaskórnir verði nú geymdir í skóhillu á daginn en ekki reimaðir fastir á fæturna og mun meiri ró og festa skapist í starfi.

Þær Signý Hlín og Aldís Björk eru tvær öflugar konur sem brenna fyrir leikskólamálum. Þær eru spenntar fyrir því að takast á við áskoranir sem fylgja þróun faglegs starfs í leikskóla og þær búa yfir miklum metnaði varðandi fagstarf. Hlutverk þeirra verður að stórum hluta að sinna stuðning við deildarstjóra og deildarstarfsfólk varðandi faglega starfið, ásamt því að leiða önnur verkefni komandi skólaárs í samvinnu við mig. Það er mikil lukka fyrir okkur öll í Borg að hafa fengið þær til liðs við okkur. Ég get með sanni sagt að ég er virkilega spennt fyrir komandi skólaári og hlakka til með gleði og jákvæðri spennu í hjarta.

Virðingarfyllt,
Linda Rún Traustadóttir, leikskólastjóri





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

2.1 Innra mat

Umbótaáætlun okkar fyrir skólaárið 2023-2024 samanstóð af eftirfarandi þáttum:

Stjórnun:

- Aukið upplýsingaflæði til starfsmanna
- Aukinn sýnileiki stjórnenda

Uppeldis og menntastarf

- Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær
- Stefna og áherslur í starfi

Mannauður / Leikskólabragur

- Forvarnir gegn streitu og álagi
- Fækkun veikindadaga starfsfólks





Stjórnun

Aukið upplýsingaflæði til starfsmanna	
Hvernig fór matið fram?	Viðhorfsskönnun starfsfólks, starfsþróunarsamtöl.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk.
Helstu niðurstöður mats: Niðurstöður viðhorfsskönnunar starfsmanna gáfu til kynna að upplýsingaflæði hefði batnað, sjá mynd 1. Að sama skapi leiddu starfsþróunarsamtöl í ljós að starfsfólk væri heilt yfir ánægt með upplýsingaflæði. Stjórnendateymi Borgar, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar, hafa notast gríðarlega mikið við samskiptaforritið Workchat – sem er hluti af Workplace. Með skilvirkri notkun á því tel ég upplýsingaflæði hafa verið nokkuð gott og einfalt að koma skilaboðum á milli okkar, sem hefur svo skilað sér til deildarstarfsmanna.	Tækifæri til umbóta: Ég lít svo á að betur má ef duga skal. Ekki verður slegið slökku við í að efla upplýsingaflæði enn meira á komandi skólaári. Töluverð vinna fór í á síðasta skólaári að efla starfsfólk til notkunar á vinnuaðgangi sínum, til að komast inn í vinnutengd forrit eins og tölvupóst, Workplace samskiptaforrit og fleira. Þar liggja enn sóknarfæri enda starfsfólk með mismikla færni í tækni, einnig sem starfsfólk lítur ólíkt á hlutverk sitt og ábyrgð í að fylgjast með vinnupósti og upplýsingum sem berast á Workplace.

Mynd 1 - Niðurstöður úr viðhorfsskönnun starfsfólks varðandi upplýsingaflæði

Ég fæ nægar upplýsingar um það sem gerist hjá starfsstaðnum.

4,00 ▲ 0,33

Aukinn sýnileiki stjórnenda	
Hvernig fór matið fram?	Mat hefur ekki farið fram.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Mat hefur ekki farið fram.
Helstu niðurstöður mats:	Ekki var send formleg foreldrakönnun á foreldra þetta árið.





Uppeldis og menntastarf

Vináttuverkefni Barnaheilla - Blær	
Hvernig fór matið fram?	Með samtölum deildarstjóra og/eða þeim starfsmönnum sem falið var að hafa umsjón með Blæ.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Deildarstjórar og/eða starfsmenn sem höfðu umsjón með Blæ.
Helstu niðurstöður mats:	Tækifæri til umbóta:
Vináttuverkefnið Blær er einfalt verkefni en á sama skapi virkilega skemmtilegt fyrir börn og starfsfólk. Boðskapur verkefnisins er góður og öllum gagnlegur.	Dreifa þarf ábyrgð á fleiri starfsmenn í að sinna framkvæmd verkefnisins. Auka mætti praktíska þjálfun starfsfólks við framkvæmd verkefnisins. Fengið var inn námskeið á starfsdag með praktískri þjálfun og stefnt er að því áfram að hafa fleiri slík tækifæri fyrir starfsfólk.

Stefna og áherslur í starfi	
Hvernig fór matið fram?	Endurskoðun á upplýsingabæklingi til foreldra við upphaf leikskólagöngu og samskiptum deildarstjóra/staðgengla við foreldra. Endurmat á upplýsingafundum með foreldrum í upphafi skólaárs. Ekki var send út foreldrakönnun þetta árið.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendateymi Borgar
Helstu niðurstöður mats:	Tækifæri til umbóta:
Tilfni þótti að breyta fyrirkomulagi upplýsingafunda fyrir foreldra í upphafi skólaárs. Áður hafa verið stórir fundir í hvoru húsi, þar sem allir foreldrar barna í viðkomandi húsi voru boðaðir á fund. Það hafði í för með sér að foreldrar sem ekki hafa góð tök á íslensku mættu síður þrátt fyrir að boðið væri upp á túlka. Að vera með túlka í stórum hópum þar sem koma saman einstaklingar með ólík tungumál, hefur að sama skapi reynst erfitt þar sem myndast síður góðar samræður og skortur á afslöppuðum og heimilislegum aðstæðum.	Í ár hefur aðlögun nýrra barna, sem byrjaði í júní, innihaldið spjallfundi með foreldrum þeirra barna sem eru í aðlögun hverju sinni. Þetta fyrirkomulag er tilraunastarfsemi en gefur góða raun hingað til. Foreldrar eru í aðlögun með börnin sín og því er aðgengi að þeim gott. Í minni hóp foreldra er þægilegra að notast við túlka fyrir þá sem það þurfa. Ekki hefur reynt á það í júní-aðlöguninni. Við sjáum tækifæri í því að nýta tæknilausnir eins og stuttar og hnitmiðaðar kannanir til foreldra, þar sem ekki er hægt að rekja svör til einstakra foreldra. Með þeim hætti er unnt að fá sjónarmið foreldra í Borg, óháð því hvort borgin sendi út könnun á alla foreldra leikskólabarna í Reykjavík. Til stendur að senda út könnun á foreldra þegar aðlögun lýkur og óska eftir upplifun foreldra á aðlögunarferlinu í Borg.
Borgin sendir út viðhorfskönnun til foreldra leikskólabarna annað hvert ár. Það var ekki gert á síðasta skólaári.	





Mannauður / Leikskólabragur

Forvarnir gegn streitu og álagi	
Hvernig fór matið fram?	Rýni stjórnendateymis í starfsumhverfi og vinnulag, viðhorfskönnun starfsmanna, starfsþróunarsamtöl.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Stjórnendur og starfsfólk.
<p>Helstu niðurstöður mats:</p> <p>Við upphaf síðasta skólaárs var lagt upp með að efla forvarnir gegn streitu og álagi enda væri umhverfið okkar þess eðlis að best væri að hafa það eins streitulítið og hægt væri. Fengin var inn fræðsla, ráðgjöf og verkleg þjálfun frá Mental ráðgjöf ehf. á starfsdaga fyrir allt starfsfólk og í einnig í sérstaka fræðslu og þjálfun fyrir stjórnendateymið. Upplifun stjórnendateymis var að mikið gagn hefði verið af þeirri fræðslu og þjálfun sem það fékk frá Mental ráðgjöf ehf. Það er að sama skapi mitt mat sem leikskólastjóra að sýnilegur árangur hafi fengist með fræðslu og þjálfun fyrir stjórnendateymið.</p>	<p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Jafnvel þótt stjórnendateymið og ég sem leikskólastjóri finni greinilegan mun á streituupplifun starfsfólks í dag miðað við í upphafi skólaársins, á betur má ef duga skal á sérstaklega vel við hér. Samkvæmt viðhorfskönnun starfsmanna upplifir starfsfólk í Borg örlítið meiri streitueinkenni en gengur í öðrum leikskólum sem tilheyra Suðurmiðstöð, sjá mynd 2. Þrátt fyrir að munurinn sé lítill og skorið ekki mjög hátt þarf að vinna með að lækka það frekar. Með æfingu okkar allra og endurhönnun á skipulagi daglegs starfs, eru tækifæri til að draga enn frekar úr streitu í starfsumhverfinu. Það verður sérstakt áhersluefni skólaársins 2024-2025 að vinna með börn í fámennum hópum og að auka flæði, til þess að komast hjá streituveldandi aðstæðum fyrir börn og starfsfólk sem kunna að felast í of stýrðu og hröðu daglegu starfi. Það er eitt af mínum hjartans málum sem stjórnanda að skapa eins gott starfsumhverfi og hægt er fyrir starfsfólk. Eins að veita starfsfólki færi á að vera besta útgáfan af sjálfu sér í starfi þar sem styrkleikum þeirra og áhugasviði er mætt.</p>



Mynd 2 – Streitueinkenni í Borg miðað við í öðrum leikskólum sem tilheyra Suðurmiðstöð

■ Leikskólinn Borg ■ Suðurmiðstöð - leikskólar





Fækkun veikindadaga

Hvernig fór matið fram?	Með greiningartæki (Stjórnandinn), skoðun Bradford-stiga starfsfólks.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
<p>Helstu niðurstöður mats:</p> <p>Veikindaprósenta var töluvert há í Borg árið 2023 eða 8,3% að meðaltali. Til samanburðar var veikindaviðmið Reykjavíkurborgar 5,8% árið 2023. Með greiningartæki okkar (Stjórnandinn) er hægt að greina veikindahlutfall eftir tímabilum. Þar sést að okkur hefur tekist að lækka veikindahlutfall í Borg. Hlutfall veikinda á fyrsta ársfjórðungi 2024 er nokkuð lægra var 2023 eða 7,4% árið 2024 miðað við 10,1% árið 2023, sjá mynd 3.</p> <p>Það er hagur allra að veikindahlutfall sé sem lægst og mikilvægt verkefni að vinna stutt og stöðugt að því. Á fyrsta ársfjórðungi 2023 var veikindahlutfall í Borg 10,1%. Nýlega tók borgin upp svokallað Bradford-kerfi sem gerir stjórnendum kleift að vinna samkvæmt ákveðnu ferli með veikindadaga starfsfólks út frá Bradford-stigum. Við höfum að nota það kerfi þar sem fram fóru viðverusamtöl við starfsmenn út frá stigaskori þeirra. Það var mat okkar að gagnlegt væri að hafa markvisst ferli, þar sem einfalt væri að kalla fram fjarverustig starfsfólks og boða í viðverusamtal út frá fjölda stiga.</p>	<p>Tækifæri til umbóta:</p> <p>Þrátt fyrir að þokast nær viðmiði Reykjavíkurborgar varðandi veikindahlutfall heldur vinna áfram við að lækka hlutfallið í Borg.</p> <p>Með því að nota áfram markvisst ferli viðverusamtala út frá stigaskori á Bradford kvarðanum skapast tækifæri til viðverusamtals milli starfsfólks og stjórnenda um líðan í lífi og starfi. Það tel ég mikilvægan þátt í því að lækka veikindahlutfall starfsfólks sem ég tel einnig raunhæft markmið. Enn fremur tel ég að áframhaldandi vinna við að skapa streitulítið starfsumhverfi sé mikilvægur þáttur í að fækka veikindadögum starfsfólks.</p>

Meðalveikindahlutfall árið 2023

Meðal veikindahlutfall
10,1% ^{15,7%} Síðasta ár

Meðalveikindahlutfall árið 2024

Meðal veikindahlutfall
7,4% ^{10,1%} Síðasta ár

Mynd 3 – meðalveikindahlutfall janúar-apríl á árunum 2023 og

2024




2.2 Ytra mat

Viðhorfskönnun starfsfólks Reykjavíkurborgar fór fram með rafrænum hætti eins og vant er á hverju ári. Niðurstöður könnunarinnar voru heilt yfir afar jákvæðar fyrir okkur í Borg. Eins og sjá má á mynd 4 eykst ánægja varðandi 8 af 10 heildarþáttum könnunarinnar. Tveir þættir mælast litlu lægri en í síðustu könnun, þar sem annar þeirra (Ánægja og stolt) er aðeins 0,01 lægri frá síðustu könnun sem má teljast sem ómarktækur munur. Hinn þátturinn (Starfsandi) sem mælist 0,27 lægri en í síðustu könnun.

2.2.1 Jákvæðar niðurstöður viðhorfskönnunar

Helstu niðurstöður - Þættir

Leikskólinn Borg



Mynd 4 – Helstu niðurstöður þátta könnunarinnar



Sem leikskólastjóri í Borg er ég stolt þegar litið er til þeirra fimm hæstu einkunna sem mælast í könnuninni (mynd 5). Samkvæmt þeim niðurstöðum, jafnt sem niðurstöðum á heildarþætti könnunarinnar varðandi stjórnun (mynd 6) virðist starfsfólk Borgar ánægt með stjórnun staðarins. Við í Borg mælumst með hæstu einkunn stjórnunarpáttarins þegar bornar eru saman niðurstöður okkar í Borg og annarra starfsstöðva í Reykjavík, sjá mynd 7. Ég lít svo á að stjórnun staðarins og samvinna stjórnenda og alls starfsfólks sé grundvöllur fyrir vellíðan og góðum árangri í starfi.

Hæstu 5




Mynd 5 – Hæstu einkunnir í Borg

Stjórnun

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

■ Leikskólinn Borg ■ Suðurmiðstöð - leikskólar



Mynd 6 – Skor starfsfólks í Borg varðandi stjórnunarpátt könnunarinnar





Mynd 7 – Skor á stjórnunarbætti starfsstaða í Reykjavík

2.2.2 Tækifæritil umbóta út frá niðurstöðum viðhorfskönnunar

Eins og fjallað var um í upphafi kaflans lækkaði þáttur starfsanda um 0,27 stig. Ég tel líklegt að lækkun á þessum þætti megi rekja til starfsaðstæðna, vinnuskilyrða og samsetningu starfsmannahóps í Borg að miklu leyti. Aðstæður í Borg voru tíundaðar að nokkru leyti í greinargerð leikskólastjóra þar sem rætt er um áskoranir varðandi tveggja húsa leikskóla.

Starfsmannaaðstaða í Fálkaborg er verulega ábótavant á meðan starfsmannaaðstaða í Arnarborg er ögn betri. Í Arnarborg er kaffistofa rúmgóð, þar sem hægt er að sitja við matarborð og matast. Þar er jafnframt eini viðunandi staðurinn þegar horft er á Borg sem heild til fundarhalds, að því gefnu að fjöldi einstaklinga á fundi sé ekki fleiri en 8 manns og litið sé fram hjá verulega slakri hljóðvist. Salur í Arnarborg er þannig í laginu að hann rúmar betur heildarfjölda starfsmanna Borgar á meðan salur Fálkaborgar er ílangur og mjór og hentar síður í fjölmennar samkundur. Í Fálkaborg er hljóðvist með allra slakasta móti, hvar sem drepið er niður fæti og auk þess er hvergi viðunandi fundaraðstaða.

Undirbúningsherbergi kennara er nýtt sem aðstaða sérkennslustjóra, sérkennsluherbergi og fundaraðstaða í neyðartilvikum því óhjákvæmilegt er að vera með foreldrasamtöl og teymisfundi vegna barna svo dæmi séu tekin. Kaffistofan í Fálkaborg er lítil og þröng þar sem mest geta verið 6 manns á sama tíma ef vel á að vera. Þá skal tekið fram að starfsmannasalerni er inn af kaffistofu og jafnframt munahólf starfsfólks og fatahengi. Þá liggur kaffistofan upp við eldhúsið. Þar sem hljóðvist er líkt áður segir allverulega slök þýða þessar aðstæður að næði er síður en svo mögulegt, hvort heldur sem er fyrir fundarhöld eða lögbundinn kaffitíma starfsfólks. Skrifstofa leikskólastjóra í Fálkaborg er um 5 m² að stærð, sem er hentugt fyrir einn einstakling. Séu þar saman komnir tveir eða fleiri einstaklingar




upphafst barátta um súrefni, að því gefnu að gluggi sé lokaður. Sé gluggi á skrifstofu opinn, hættir þeim sem þar inni eru til þess að forskalast. Skrifstofa leikskólastjóra í Arnarborg er þó örlítið stærri og pláss fyrir tvo að vinna þar saman með góðu móti. Þar sem leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri þurfa óhjákvæmilega að vinna saman hafa aðstæður orðið til þess að sú samvinna hefur frekar átt sér stað í Arnarborg en Fálkaborg.

Önnur atriði varðandi aðstæður sem hafa áhrif á starfsanda eru vinnuskilyrði. Ánægja með vinnuskilyrði mælist nokkuð lág í Borg. Vinnuskilyrði mælast til að mynda lægri á öllum undirþáttum þegar horft er til samanburðar á niðurstöðum í Borg og öðrum leikskólum sem tilheyra Suðurmíðstöð (mynd 8).

Vinnuskilyrði

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5




Mynd 8 – Skor varðandi vinnuskilyrði – Samanburður á niðurstöðum í Borg og öðrum leikskólum sem tilheyra Suðurmíðstöð

Aukinheldur má nefna að tvær af fimm lægstu einkunnum sem komu fram í niðurstöðum viðhorfskönnunarinnar eru tengdar vinnuskilyrðum (mynd 9). Hinar þrjár lægstu einkunnir sem fram koma eru varðandi laun. Launamál eru ávallt háð samningum viðeigandi stéttarfélags og borgarinnar og hafa stjórnendur ekki möguleika á að lagfæra þau þótt flestir gjarnan vildu.



Lægstu 5




Mynd 9 – Fimm lægstu einkunnir sem koma fram í niðurstöðum viðhorfskönnunar starfsmanna í Borg

Það sem vekur eftirtekt á undirþáttum starfsanda er þróunin frá árinu 2022. Á haustönn 2022 urðu nokkrar starfsmannabreytingar í Borg. Til liðs við okkur bættust kennarar sem höfðu litla sem enga íslenskukunnáttu. Ég dreg þá ályktun að þegar starfsfólk á í erfiðleikum með samskipti sín á milli vegna tungumálaörðuleika hefur það áhrif á starfsanda. Í starfsumhverfi okkar skiptir sköpum að eiga í miklum daglegum samskiptum þar sem starfið byggist á sameiginlegum skilningi á því sem unnið er að. Inn í það stóra samhengi fléttast hlutverk hvers og eins og ábyrgð okkar stjórnenda og deildarstjóra að tryggja að allt starfsfólk viti til hvers er ætlast af því. Ég tel að sameiginlegur skilningur, sem hlýst af opnum samskiptum á milli starfsfólks, eigi stóran þátt í því að styðja við góðan starfsanda.


Starfsandi

Niðurstöður eru ekki birtar ef n<5

Leikskólinn Borg



Þróun



Mynd 10 – Undirþættir starfsanda og þróun þáttarins milli ára





Starfsandi er þáttur sem skiptir máli að bæta og það er næsta víst við munum einbeita okkur sérstaklega að því á næsta skólaári.

Tækifæri til umbóta: Starfsaðstæður

Ég dreg þá ályktun að starfsaðstæður í Borg séu þess eðlis að hafa heilt yfir áhrif á starfsanda. Annmarkar á aðstöðu hafa leitt til þess að fundir, samvinna og viðburðir, þar með taldir starfsdagar og starfsmannafundir, hafa farið að langmestu leyti fram í Arnarborg frekar en Fálkaborg. Eftir að hafa notað töluverðan tíma á síðasta skólaári í að bölsótast yfir óviðunandi aðstæðum í Borg, ákvað ég að líta á það sem *hægt er að gera og koma auga á tækifærin sem við höfum* til að bæta umhverfið okkar. Einn stærsti liðurinn í því var að óska eftir heimild fyrir því að ráða tvo aðstoðarleikskólastjóra. Ég sé fram á gríðarlega breytingu til hins betra í starfsumhverfinu eftir að hafa fengið þá heimild og tekist að ráða inn tvær öflugar konur mér til aðstoðar. Að sama skapi hef ég þurft að endurhugsa allt skipulag á aðstöðu og vinnufyrirkomulagi fyrir næsta skólaár. Það er í þróun og þróast áfram með samvinnu nýs stjórnendateymis, en tækifærin eru gríðarleg. Sem dæmi munum við, nýja stjórnendateymið, koma á mikilvægri festu í húsunum tveimur og vinna enn meira í teyllum innan hvors húss fyrir sig. Þar af leiðandi koma í veg fyrir flakk milli húsa sem hefur frekar hallað á annað húsið en hitt. Aukin útsjónarsemi varðandi fundarhald, starfsdaga og starfsmannafundi annarsstaðar en í Borg hefur jafnframt aukist, enda eru tækifæri til slíks mikil. Borgin hefur ýmiskonar aðstöðu sem við getum fengið lánaða eða leigða, þar sem starfsfólk fær án efa betri tækifæri í að upplifa sig sem heild, frekar en að vera „gestur“ í hinu húsinu.

Tækifæri til umbóta: Samsetning starfsmannahóps

Við höldum áfram að styðja allt starfsfólk okkar í Borg til þroska og þróunar á eigin færni. Aukinheldur verður áfram stutt við starfsfólk af erlendu bergi sem leitast eftir að sækja íslenskunámskeið.





Tækifæri til umbóta: Vinnuskilyrði

Með breyttu hugarfari munum við líta á tækifærin sem við höfum, þar með talið varðandi að nýta þau rými sem við höfum, bæði varðandi starfsmannaaðstöðu og leikrými fyrir börn. Ég mun þó halda áfram, eins og hlutverk mitt krefst, að standa vörð um umhverfið okkar allra í Borg og ýta á að fá bætt úr því sem þarf réttilega að bæta.

Á síðustu misserum hefur farið fram hefur farið minniháttar viðhald innan beggja húsa og við fengið stuðning í því að lagfæra það sem þarf með litlum tilkostnaði. Til að mynda hafa dúkar á gólfum verið lagfærðir í Fálkaborg, bæði hús máluð að miklu leyti innandyra og umhverfi gert huggulegt. Til gamans má geta að við fengum jafnframt ósk okkar uppfyllta að fá fáeina vegg í deildum málaða í hlýjum grænum lit en grænn er einkennandi litur hjá okkur í Borg. Reynt hefur verið að mæta óánægju með hljóðvist og lýsingu í Borg. Nýlega voru fest kaup á skilrúmum með hljóðdempun og til stendur að kaupa fleiri slík ef starfsfólk telur þau gagnast. Sömuleiðis höfum við reynt að leita huggulegra lausna á lýsingu sem starfsfólk telur henta í umhverfinu okkar. Unnið hefur verið að því að léttu á aðstöðu eins og undirbúningsherbergi og skrifstofu í Fálkaborg og til stendur að gera slíkt hið sama í Arnarborg. Garðurinn í Arnarborg verður endurgerður að stærstum hluta sumarið 2024 og kláraður bæði að framan og aftan sumarið 2025. Þar verður bílastæði einnig lagfært og göngustígur frá bílastæði og inn í garð.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun	
Tækifæri til umbóta	Aukin teymisvinna – fjölgun teyma og dreifð ábyrgð
Aðgerðir til umbóta	<p>Koma á aukinni teymisvinnu þar sem hvert teymi ber ábyrgð á ákveðnu starfi.</p> <p>Ný teymi sem verða endurvakin eða stofnuð: Læsis- og fjölmenningsarteymi (endurvakið) Matstofuteymi Lausnateymi Sérkennsluteymi</p> <p>Fyrir eru teymi starfandi: Stjórnendur – Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar Stjórnendateymi – Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri</p>
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og sérkennslustjóri
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2024-2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	<p>Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar, sérkennslustjóri og teymin. Útbúin verður rafræn könnun fyrir alla í teymunum að svara í nóvember 2024.</p> <p>Óskað verður eftir upplifun allra og spurt:</p> <ol style="list-style-type: none"> Hvernig finnst þér teymisvinnan sem þú ert hluti af hafa gengið? Skali 0-10. Hvað er gott við teymisvinnuna? Opin spurning. Hvað má betur fara í teymisvinnunni? Opin spurning. Með hvaða hætti leggur þú til að breytingar verði gerðar á teymisvinnunni, ef þú metur þörf á breytingum? Opin spurning. Hversu opin/nn ert þú fyrir áframhaldandi þátttöku í teyminu? 5 punkta skali. (Óstaðfestur spurningalisti – gæti tekið breytingum) <p>Rýnifundir vegna teymisvinnu verða meðal stjórnenda (1x í mánuði) og á stjórnendateymisfundum (1x í mánuði).</p>
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Niðurstöður teknar saman eftir svörun í nóvember 2024, úr þeim unnið og breytingar gerðar ef þörf er á. Sami spurningalisti lagður fyrir teymin í apríl/máí 2025 og endurmat gert með gæðalýsingu og út frá svörum á mælikvörðum.





Stjórnun	
Tækifæri til umbóta	Skólanámskrá.
Aðgerðir til umbóta	Búa þarf til skólanámskrá í samræmi við breytingar á Aðalnámskrá leikskóla (2023).
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar bera ábyrgð en stjórnendateymi og allt starfsfólk kemur að gerð nýrrar skólanámskrár.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Haustönn 2024
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Stjórnendateymi með reglubundnum fundum á meðan vinnslu á skólanámskránni stendur. Lokaútkoma metin. Foreldraráð gefur umsögn að ósk leikskólastjóra.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Skólanámskrá verði skjal sem allir starfsmenn þekkja og hafa aðgang að. Allir skulu geta notað skólanámskrá sem stoð í starfi. Foreldrar eiga að fá aðgang að skólanámskrá og hún að vera þeim sýnileg.

Uppeldis- og menntastarf	
Tækifæri til umbóta	Frjáls og flæðandi leikur sem aðalnámsleið barna í fámennum barnahópum.
Aðgerðir til umbóta	Skipuleggja starf þannig að börn séu í fámennum hópum með aukna áherslu á frjálsan og flæðandi leik þar sem áhugasvið þeirra fær að njóta sín. Með flæðandi leik er átt við að láta tíma og of stýrt skipulag ekki stýra starfinu með þeim afleiðingum að streita aukist hjá börnum og starfsfólki.
Hver ber ábyrgð?	Stjórnendateymi.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2024-2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Deildarstjórar meta ásamt deildarstarfsfólki á deildarfundum. Börnin meta með samtali í fámennum hópum og/eða á einstaklingsgrundvelli. Börnin spurð í upphafi skólaárs til að kortleggja áhugasvið þeirra og/eða starfsfólk fylgist með leik til að kortleggja áhugasvið og hefur eftirfarandi í huga: Hvernig finnst þér/ykkur að leika inni í leikskólanum? Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Hvernig vilt þú hafa veruna í leikskólanum? (Óstaðfestur spurningalisti og gæti tekið breytingum)
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Upplifun starfsfólks og barna sé gleðileg, streitulaus og að allir upplifi leik og starf við hæfi.





Mannauður og leikskólabragur	
Tækifæri til umbóta	Hæglátt og streitulítið starfsumhverfi.
Aðgerðir til umbóta	Auka hæglæti í starfsumhverfinu með því að fá fræðslu fyrir starfsfólk á starfsdögum um hæglæti, streitustjórnun og fleira því tengdu.
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2024-2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Allir starfsmenn með rafrænni könnun í ágúst 2024 og með umræðum á starfsmannafundum/starfsdögum. Leikskólastjóri metur einnig í starfsþróunarsamtölum vorið 2025. Lagt verður upp með eftirfarandi spurningar í rafrænni könnun (með fyrirvara um breytingar): 1. Hversu mikla streitu finnst þér þú upplifa í vinnunni? Skali 0-10. 2. Hvað ætlar þú að gera til að minnka streitu í vinnunni? Opin spurning.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Upplifun starfsfólks sé streitulítið starfsumhverfi og það upplifi hæglátt starf þar sem er engin færibandavinna fer fram.

Mannauður og leikskólabragur	
Tækifæri til umbóta	Hækka ánægjuskor á starfsandapætti í viðhorfskönnun starfsfólks.
Aðgerðir til umbóta	Eiga í opnum og reglulegum samskiptum við alla starfsmenn, hvort heldur sem er um daglegt líf eða starf. Með því að hafa tvo fasta aðstoðarleikskólastjóra, einn í hvoru húsi, skapast tækifæri til aukinna samskipta um lífið og tilveruna við alla starfsmenn. Miklar væntingar eru um að meiri ró skapist í starfsumhverfi stjórnenda þegar festa verður í báðum húsum og óvænt flakk leikskólastjóra á milli húsa minnkar.
Hver ber ábyrgð?	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2024-2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Viðhorfskönnun starfsfólks.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Hærra ánægjuskor en í síðustu könnun á starfsandapætti og undirþáttum.





Foreldrasamstarf	
Tækifæri til umbóta	Aukið upplýsingaflæði til foreldra.
Aðgerðir til umbóta	<p>Að foreldrar njóti fjölbreyttra tækifæra til samstarfs og fái í auknum mæli upplýsingar um nám og starf sem fram fer í leikskólanum.</p> <p>Koma á skilvirkara fyrirkomulagi á upplýsingastreymi frá öllum deildum þar sem myndir og upplýsingar um starf kemur fram. Skoða möguleikana á því að koma á fót „skráningarveggjum“ sem foreldrar hafa aðgang að þegar þau sækja/koma með börnin í leikskólann. Þar eiga skráningar að vera sýnilegar varðandi nám barnanna. Halda í hefðir varðandi foreldra/fjölskyldukaffi og bjóða aðstandendum í leikskólann þar sem fjölbreytt verk barnanna eru sýnileg.</p>
Hver ber ábyrgð?	Aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar.
Tímaáætlun á framkvæmd úrbóta	Skólaárið 2024-2025.
Hver/hverjir meta og með hvaða aðferð/um?	Aðstoðarleikskólastjórar meta í samvinnu við deildarstjóra hvernig gengur að koma upplýsingaflæði upp í reglubundið starf. Aðstoðarleikskólastjórar eru deildarstjórum til aðstoðar varðandi verkefnið. Upplýsingar um daglegt/vikustarf til foreldra skulu alla jafna vera sendar í gegnum Völu nema sérstakar aðstæður liggi að baki.
Viðmið um árangur – gæðalýsing eða mælikvarði	Foreldrar meta með rafrænni könnun upplifun á sýnileika náms og starfs barna sinna. Einnig stendur til að biðja foreldra að meta hvaða væntingar þeir hafa til foreldrasamstarfs.





4 Innra mat deilda 2023 - 2024

4.1 Innra mat Lóuholts 2023 – 2024

Veturinn 2023-2024 voru 16 börn á Lóuholti, tveir árgangar 2021 og 2022, þar af sex stúlkur og tíu drengir. Á Lóuholti voru fimm starfsmenn, þar af einn sérkennari. Þegar við komum í vinnu eftir sumarfrí hófst aðlögun barna sem fóru yfir á eldri deild/Spóaholt. Við tókum á móti nýjum börnum í tveimur hollum í lok ágúst og byrjun september þar sem vika var á milli aðlögunarhópa. Aðlögunin gekk heilt yfir vel hjá börnum og foreldrum. Við sáum hins vegar að það hefði verið betra að hafa eina viku á milli hópa, upp á öryggi barnanna sem komu í fyrri hópnum og einnig fyrir þau börn sem komu á eftir.

Skipulagt starf út frá dagskipulagi hófst í lok september þegar börnin höfðu öðlast öryggi hjá okkur. Við erum með vikuskipulag þar sem við vinnum skipulögð verkefni fyrir hádegi eða þegar börnin eru með mestu athyglina. Í okkar innlögn erum við að vinna með málörvun, lestrarstundir, listsköpun, hreyfingu, sjálfseflingu, liti, hugtök, hljóðkerfisvitund (Lubbi finnur málbein), Lærum og leikum með hljóðin, útivera, frjálsleikur, flæði og söngstundir. Í skipulögðu stundunum skiptum við börnunum í fjóra hópa svo við náum betur til hvers og eins barns. Við unnum með verkefnið „Ég sjálfur og fjölskyldan mín“ þar sem við eflum málörvun og lærum inn á hvað líkamspartar okkar heita og förum yfir litina á okkur sjálfum, teiknum sjálfsmynd að hausti og vori og teiknum fjölskylduna okkar.

Við breyttum fyrirkomulagi hádegismatarins þar sem börnin skammta sér nú sjálf af hlaðborði. Að okkar mati hefur það gengið mjög vel. Einnig finnst börnunum frábært að fá sér sjálf og ná sér í meira af því sem þeim þykir gott. Föstudagar eru flæðisdagar hjá okkur sem hafa gengið betur og betur með tímanum hjá bæði börnum og starfsfólki. Þá er leikskólinn með opið á allar deildirar fyrir börnin þar sem þau velja sér stað og viðfangsefni yfir daginn. Það eru stöðvar á öllum deildum og í salnum okkar þar sem starfsfólk skiptir á milli sín stöðvum. Þetta fyrirkomulag var sett á því við erum með styttingu vinnuvikunnar hjá flestu starfsfólki, þar sem flestir vinna annan hvern föstudag og er í styttingu á móti.

Mikil fjölmening er í leikskólanum Borg bæði hjá börnum og starfsfólki en á Lóuholti erum við með tíu mismunandi móðurmál. Mikil gleði, nánd og lærdómur hefur einkennt Lóuholt í vetur, við erum afar stolt og ánægð með samvinnu barna og foreldra hjá okkur.





4.2 Innra mat Spóaholts 2023-2024

Veturinn 2023-2024 voru 18 börn á Spóaholti, tveir árgangar 2019 og 2020. Af þeim voru níu stúlkur og níu strákar. Mikil fjölmennung er í leikskólanum Borg, bæði í barnahópnum og starfsmannahópnum. Í barnahópnum eru sjö mismunandi heimamál (móðumál) töluð á Spóaholti og fjögur mismunandi heimamál (móðurmál) í starfsmannahópnum. Á Spóaholti voru fjórir starfsmenn, þar af einn starfsmaður sem sinnir barni með stuðning í 1.flokk. Einnig var starfsmaður sem vinnur hlutastarf, tvo daga eina vikuna og þrjá hina, og hann var mest inni á Spóaholti. Í ágúst hófst flutningur barna frá Lóuholti yfir til okkar á Spóaholti. Það voru ellefu börn og aðlögun þeirra gekk vel.

Á Spóaholti var skipulagið svo að frá kl 9:00-11:00 var samvera, veðurfræðingur, hópastarf, Blæ stundir, Lubba stundir og annað skipulagt starf. Á miðvikudögum hafði Spóaholt salinn til umráða og var hann nýttur fyrir Blæ stundir með lítinn hóp barna. Börnunum fannst mjög gaman í Blæ stundum og voru áhugasöm. Salurinn var einnig nýttur undir leik og hreyfingu, þó að það hefði sannarlega mátt gera meira af því. Á föstudögum byrjuðum við að hafa flæði á milli allra deilda og allt húsnæði leikskólans var nýtt undir mismunandi stöðvar. Flæðis föstudagar hafa heilt yfir gengið vel og börnin fá tækifæri á að fara á milli og kynna hverju öðru og kennurum óháð deildum. Á föstudögum er einnig hluti af starfsmönnum í styttingu vinnuvikunnar. Þetta fyrirkomulag gengið vel.

Börnin á Spóaholti byrjuðu í „hlaðborðstemningu“. Þar fara þau sjálf á hlaðborð, skammta þau sér sjálf og læra í leiðinni hvað þau geta tekið mikið og stjórna meira hvað þau fá sér. Þó er lagt upp með þau fái sér sem fjölbreyttast og þau hvött til að smakka allt. Það hefur gengið mjög vel og börnin orðin vel sjálfstæð og dugleg.

Það sem að komst á gott flug hjá okkur varðandi umbótaráætlun frá því í fyrra var Lubbi finnur málbein. Það er námsefni sem varðar hljóðkerfisvitund barnanna. Stundirnar voru markvissar og gekk vel að halda utan um þær. Samvinna milli starfstöðva (Arnaborg og Fálkaborg) var fín milli deildarstjóra og lagt var upp úr að samræma það sem var gert á hvorri starfstöð fyrir sig. Lítið var þó um heimsóknir barnahópa á milli húsa.





4.3 Innra mat Krummaholts 2023 - 2024

Skólaárið 2023-2024 voru átján börn á Krummaholti, ellefu börn fædd árið 2018 og sjö börn fædd árið 2019. Mikil fjölmennning er í barnahópnum á Krummaholti og undir lok skólaársins voru átta börn sem höfðu annað móðurmál en íslensku og tíu börn sem höfðu íslensku sem móðurmál. Í haust voru fjórir starfsmenn í fullu starfi á Krummaholti en stuttu síðar var fimmta starfsmanninum bætt við á deildina, þar af voru tveir sérkennarar. Deildarstjóranskipti urðu í lok janúar en Sigurbjörg hvarf til starfa í sinni heimabyggð eftir áratug í Borg og Elín Björk tók við Krummaholti. Seinna um vorið bættust síðan við tveir starfsmenn í hlutastarfi og var starfsfólk á Krummaholti í lok skólaárs því sjö talsins, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi.

Hópastarf hefur gengið í bylgjum hjá okkur á Krummaholti þetta skólaárið. Börnin hafa unnið ýmis verkefni um máhljóðin í Lubbastundum (Lubbi finnur málbein), farið í Orðahljóð, Orðagull, Talnaland o.fl. Í Lubbi finnur málbein er máhljóð vikunnar yfirleitt kynnt til leiks á mánudegi, við hlustum á söguna sem fylgir stafnum, lag stafsins er sungið, fundin eru orð sem byrja á máhljóðinu og að lokum eru klöppuð atkvæði. Þetta er gert jafnt og þétt yfir alla vikuna. Þar sem mikill fjölbreytileiki er í nemendahópnum hjá okkur hefur málörvun verið í forgrunni hjá okkur, bæði inni á deild og í sérstökum málörvunartímum. Þá er ýmist notast við lestur, sögur, spil, leiki, söng eða almennar samræður. Við höfum einnig reynt að hafa Blæ stundir vikulega hjá okkur, en það hefur gengið misvel eftir vikum. Annars leggjum við mikið upp úr frjálsum leik og flæði og munum gera það áfram. Krakkarnir hafa líka verið dugleg að fara í göngutúra og strætóferðir þetta skólaárið.

Á Krummaholti í ár hafa börnin verið að læra að þekkja sínar eigin tilfinningar, bæði stórar og smáar. Við höfum því rætt mikið um tilfinningar, þ.e. hvernig okkur líður, af hverju okkur líður þannig og hvernig við getum tjáð tilfinningar okkar á góðan hátt. Það hefur gengið vel og andrúmsloftið á deildinni hefur gjörbreytst eftir að við byrjuðum á markvissri vinnu þessu tengdu.

Matartímar hafa tekið breytingum að einhverju leyti. Morgunmat er alltaf inni á deild en bæði hádegismaturinn og kaffitíminn er inn í matsal í flæði. Okkur hefur fundist betra að hafa morgunmat inn á deildum, þar sem börnin eru að koma á misjöfnum tímum og því er þægilegra að þau geti komið rólega inn á deild og sest við borðið og fengið sér morgunmat þegar þau eru tilbúin. Í hádegismatnum og kaffitímum finnst okkur aftur á móti þægilegra að borða inn í matsal þar sem er hlaðborð. Þar eru þau hvött til að smakka





allan mat, skammta sér sjálf og þar læra þau því að vera að mestu sjálfbjarga. Þetta hefur gengið rosalega vel og er skemmtilegt að hafa flæðandi matartíma.

Það hefur verið mikið að gera hjá okkur á Krummaholti þetta skólaárið. Skólahópur hefur farið í margar heimsóknir í Breiðholtsskóla og kynnst skólanum og starfinu þar. Börnin hafa m.a. leikið með krökkunum í frímínútum, farið á leiksýningu í hátíðarsalnum, farið á bókasafnið, tekið þátt í íþróttatíma, verið með í kennslustund, borðað í matartímanum, farið í Bakkasel (frístundaheimilið í Breiðholtsskóla) og heimsótt skólastjóran. Þau tóku einnig þátt í vorskóla Breiðholtsskóla með krökkunum úr Bakkaborg og Fálkaborg (hin starfsstöð Borgar). Þau hafa því fengið að kynnst því vel hvernig það er að vera í grunnskóla og eru þau flest meira en tilbúin fyrir komandi tíma.

Ýmsir aðrir viðburðir hafa verið á sínum stað þetta árið. Við héldum öskudagsball, mættum í sitthvorum sokknum á degi sem tileinkaður er einstaklingum með Downs heilkennið og börnin fengu að koma með dót að heiman á dótadaginn. Börnin hafa einnig farið í heimsóknir á Þjóðminjasafnið, í Þjóðleikhúsið, í Alþingishúsið og séð sýninguna Ofurhetjumúsín í Borgarleikhúsinu. Slökkviliðið kom síðan í sína árlegu heimsókn til elstu barnanna. Hið árlega Hörpu verkefni var í lok apríl, en það verkefni tengist barnameningarhátíð Reykjavíkurborgar. Í ár hét verkið Regnbogi meistarans og sungu börnin lög eftir Spilverk þjóðanna og Stuðmenn. Við héldum svo fyrstu íþróttaviku Borgar sem gekk ótrúlega vel og mun vera árlegur viðburður héðan í frá. Skólahópur hefur einnig verið að fara í íþróttatíma vikulega í allan vetur.





4.4 Innra mat Arnarholts 2023-2024

Á Arnarholti voru haustið 2023 16 börn á fædd árin 2021 og 2022. Fjöldi starfsmanna á Arnarholti voru 5, þar af einn í sérkennslu. Síðasta vetur var unnið markvist með hljóðkerfisvitund (Lubbi finnur málbein). Hópastarfið hjá okkur gekk vel. Við fórum reglulega í litsköpun, útinám og vettvangsferðir. Samverustund er markvisst einu sinni á dag en ekki 3x eins og var. Á hverjum degi eru valdir tveir þjónar. Þeir stjórna samverustundum, velja hvaða lög við syngjum og hvaða bók eða sögu við lesum. Loðtöflusögur eru mjög vinsælar og hanga uppi yfir daginn sem gefur börnum tækifæri til að skoða myndir og tala um það sem sagan var um. Við fækkuðum börnum í fataklefanum hverju sinni til fá meiri ró og gefa börnunum tækifæri til að auka sjálfstæði sitt og hæfni í sjálfshjálp og styrkja sjálfsmýnd þeirra. Til þess að það geti orðið þurfa börnin tíma og aðstoð. Einnig er lögð áhersla á samskipti, sjálfshjálp og góða umgengni.

Í daglegu starfi á Arnarholti er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir okkur sjálfum og öðrum, þrói með sér samkennd, tillitssemi, vináttu og að þau sjái sig sem mikilvæga einstaklinga. Lögð er áhersla á að taka vel á móti hverju barni og foreldrum þess svo að þau upplifi sig velkomin í leikskólann. Á föstudögum erum við með flæði í leikskólanum þar sem börnin geta flakkað á milli deilda og leikið sér um allan leikskólann. Þau læra félagsleg samskipti, kynnast börnum og starfsfólki óháð deildum, skoða og upplifa mismunandi efnivið. Þetta fyrirkomulag var sett á vegna breytingu á styttingu vinnuvikunnar í Borg. Starfsfólk tekur flest út styttingu annan hvern föstudag. Með þessu fyrirkomulagi hefur starfsfólk upplifað minni streitu í starfi og þetta hefur gengið vel.

4.5 Innra mat Fálkaholts skólaárið 2023-2024

Á Fálkaholti voru 20 börn í vetur og skiptist það í tvo aldurshópa, börn fædd 2020 og 2021. Hópurinn var ungur en við fórum samt í vinnu í að kynna börnin fyrir breyttu fyrirkomulagi í matartímum, þar sem er hlaðborð. Þar æfðu þau sig í að skammta sér sjálf og hafa meiri áhrif á það hvernig matartíminn fer fram. Þessi vinna var nokkuð krefjandi í byrjun en eftir því sem starfsfólkið lærði betur á nýtt hlutverk í matstofunni hjálpaði það börnunum að læra á matstofuna. Það var minna um samvinnu milli deilda eins og hafði verið árið áður en það gekk samt vel að búa til skipulag sem hentaði deildinni á endanum. Það var mikið unnið með





leik á deildinni og gekk það vel, við vorum dugleg að skipta út dóti svo börnin fengu fjölbreytt dót til að leika sér með og var flest allt dót þannig skipulagt að börnin gætu náð sjálf í það. Aldurslega voru börnin mjög dreifð og þess vegna var krefjandi að hafa efnivið sem hentaði öllum en áfram verður unnið með það, enda barnahópur og samsetning hans síbreytilegur eftir árum.

Í umbótaáætlun í síðustu starfsáætlun hafði verið sett að það ætti að skerpa á hópastarfi á deildinni. Búið til skipulag um hvernig það ætti að fara fram og hvaða starfsmaður ætti að sjá um hvað. Það gekk vel á köflum en mun krefjast aukinnar vinnu þetta skólaárið og hlutverk starfsmanna skýrara varðandi það. Í hópastarfi skólaársins var unnið meira með Lubba (Lubbi finnur málbein) sem gekk mjög vel. Samstarf á milli húsa minnkaði því miður milli ára og náðist aldrei að fara með börnin í heimsóknir á hina starfsstöðina.

4.6 Innra mat Ugluholts 2023-2024

Á Ugluholti, elstu deild í Fálkaborg, var 21 barn sem skiptust í 11 börn í elsta hóp (fædd 2018) og 10 í næstelsta hóp (fædd 2019). Starfsmenn deildarinnar voru 4-5 frá vetri fram á vor, þar af einn sérkennari. Deildarstjóri á Ugluholti hætti störfum í Borg um vorið og skömmu síðar tók annar deildarstjóri við deildinni.

Á Ugluholti var málörvun enda mikil fjölmening sem einkenndi barnahópin á síðasta skólaári. Notaðar voru til þess settar lesstundir í auknum mæli og voru sérstakar lestrarstundir fyrir öll börn á hverjum degi. Það verður eitt af markmiðum næsta skólaárs að breyta því fyrirkomulagi þar sem aukin áhersla verður á vinnu í hópum með fáum börnum. Með því fyrirkomulagi er leitast við að ná betur til hvers og eins barns. Lubbi (Lubbi finnur málbein) var einnig mikið notaður í vetur á Ugluholti og fóru börnin í gegnum næstum öll táknið í bókinni. Elstu börnin tóku þátt í Barnamenningarhátíðinni og sungu á stóra sviðinu í Hörpunni í apríl. Það voru stífar æfingar fram eftir vori til að undirbúa börnin undir þetta verkefni enda risastórt. Þar voru sungin lög eftir Stuðmenn og Spilverk Þjóðarinnar og var gaman að fylgjast með börnunum spreyta sig á þeim textum sem voru valdir.





5 Innra mat sérkennslu

Haustið 2023 voru átta börn í Borg með stuðning og féllu í 1. eða 2. flokk sérkennslu. Úthlutun fjármagns til sérkennslu breyttist 1. janúar 2024. Við það fluttist eitt barn úr 1. Flokki. Verkefnastjóri sérkennslu hjá Reykjavíkurborg óskaði eftir að fá lista yfir þau börn sem væri stutt við með fjármagni sem merkt er snemmtækri íhlutun og voru þau börn átta talsins. Í byrjun júní 2024 voru níu börn sem féllu í 1. flokk með fjármagn til sérkennslu. Alls voru átta starfsmenn sem sinntu sérkennslu í leikskólanum í fullu starfi eða að hluta.

<p>Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Sérkennslan er skipulögð í anda menntunar án aðgreiningar með þarfir og styrkleika hvers og eins að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að öll börn séu þátttakendur í starfi á deildinni samhliða einstaklingsþjálfun í vinnustundum eftir því sem við á. Þjálfun fer þannig að miklu leiti fram á deildum í gegnum leiki og daglegar athafnir. Eitt barn fékk fylgd í talþjálfun og iðju-/sjúkráþjálfun. Sértek málörvun og þjálfun hljóðkerfisvitundar í kjölfar skimunar á málþroska/hljóðkerfisvitund fór að einhverju leiti fram í litlum hópum eða einstaklingsþjálfun. Skráningar á vinnustundum er misjöfn eftir því hvernig þjálfun er í gangi, sem dæmi eru notuð skráningarblöð frá Ráðgjafar- og greiningarstöð þegar um atferlisíhlutun er að ræða.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>HLJÓM-2 var lagt fyrir öll börn í elsta árgangi að hausti. Þau börn sem voru með slaka færni voru prófuð aftur í febrúar/mars. EFI-2 var lagt fyrir öll 3 ára börn. AEPS, Íslenski þroskalistinn, Smábarnalistinn og Orðaskil voru notuð eftir því sem við átti.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Sjónrænt skipulag (myndir frá Orðaleik), PECS, TMT orðabækur, smáforrit í iPad, ýmis keypt spil og þjálfunarefni auk heimatilbúinna verkefna. Málörvunarverkefni eins og Tölum saman.</p>





5.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Sérkennsluteymi	
Umbótaþáttur	Stofna sérkennsluteymi.
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Að auka teymisvinnu í sérkennslu. Stuðningsaðilar vinni meira saman, veiti hvort öðru stuðning og ráð. Að teymið fái tíma til að funda reglulega með sérkennslustjóra.
Hvernig á að framkvæma það?	Festa sérkennsluteymisfundi reglulega yfir árið. Ákveða í byrjun skólaárs hvenær þeir verða.
Hver er ábyrgðaraðili?	Sérkennslustjóri.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – júní 2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Samtöl við stuðningsaðila á fundum og í einstaklings samtölum. Fundargerðir og skráningar.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Fundir séu haldnir og að stuðningsaðilar upplifi meiri ánægju og aukið öryggi í starfi.

Skráningar	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Haldið verði betur um skráningu yfir stuðning og þjálfun í samræmi við markmið einstaklings-áætlun barnsins.
Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa skráningarblöð eða möppur sem stuðningsaðili fyllir út.
Hver er ábyrgðaraðili?	Stuðningsaðilar og sérkennslustjóri.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júní 2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Farið yfir skráningar og markmið fyrir teymisfundi (á 6-8 vikna fresti).
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að skráningar séu til staðar og lýsandi fyrir þá vinnu sem hefur farið fram.





6 Innra mat – Börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn 2023-2024	
Hvernig er fjármagn sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Við notum fjármagn upp í fleiri stöðugildi/launakostnað í Borg.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Unnið er með „Gefðu 10“ í skorpum. Daglegan orðaforða er unnið með út frá dagskipulagi.
Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?	Já. Á næsta skólaári verður lögð ríkari áhersla á að vinna að þematengdum orðaforða eftir mánuðum og enn fremur vikutengdum orðahljóðþæmum skv. námsefninu „Lubbi finnur málbein.“ Það verður aðgengilegt á skóladagatali 2024-2025.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i> , gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfniramar eru ekki komnir í formlega notkun þó vinna við það sé hafin. Unnið er með málþroskaskimunina EFI-2 og sömuleiðis hljóðkerfisvitundarskimunina HLJÓM-2. Út frá niðurstöðum þeirra skimana eru gerðar áætlanir fyrir þau börn sem þörf er á.
Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i> , varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Ekki nægjanlega markvisst og verður unnið að því á næsta skólaári með tilkomu nýs læsisteymis í Borg.





6.1 Umbótaáætlun - Fjöiltyngi 2024-2025

Læsis- og fjölmeningarteymi	
Umbótaþáttur	Læsis- og fjölmeningarteymi búið til og tekur til starfa.
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Setja á fót læsis- og fjölmeningarteymi í Borg, eitt í Fálkaborg og eitt í Arnarborg.
Hvernig á að framkvæma það?	Teymið verður stofnað á starfsdegi í ágúst 2024.
Hver er ábyrgðaraðili?	Ábyrgðaraðili þess að teymið verði stofnað og taki til starfa er leikskólastjóri. Ábyrgðaraðili teymisins sjálfs skipaður af teyminu.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 og teymið verður starfrækt allt skólaárið.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Hver og einn í teyminu metur með rafrænni könnun í nóvember 2024 og mars/apríl 2025. Óskað verður eftir upplifun allra og spurt: 6. Hvernig finnst þér teymisvinnan sem þú ert hluti af hafa gengið? Skali 0-10 þar sem 0 er metið sem svo að mjög illa hafi gengið en 10 mjög vel hafi gengið. 7. Hvað er gott við teymisvinnuna? Opin spurning. 8. Hvað má betur fara í teymisvinnunni? Opin spurning. 9. Með hvaða hætti leggur þú til að breytingar verði gerðar á teymisvinnunni, ef þú metur þörf á breytingum? Opin spurning. 10. Hversu opin/nn ert þú fyrir áframhaldandi þátttöku í teyminu? 5 punkta skali. (Óstaðfestur spurningalisti – gæti tekið breytingum) Rýnifundir vegna teymisvinnu verða meðal stjórnenda (1x í mánuði) og á stjórnendateymisfundum (1x í mánuði).
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Skali 0-10 verði sem næst 10. Opnar spurningar leiði í ljós hvað gangi vel og hverju þurfi að breyta að mati teymisins. Einnig að matskvarði gefi stjórnendum hugmynd um hversu áhugasamt starfsfólk og kennarar í teymunum eru um teymisvinnuna sem það er í. Það gefur tilefni til frekari stuðnings eða hvatningar við teymin og tækifæri á að skipta út starfsfólki í teyminum, hafi það lítinn áhuga og óski eftir að breyta um teymi.





Lestur og málörvun

Umbótaþáttur	Lestur fyrir öll börn í litlum hópum. Auka skráningar varðandi lestur og vinnu út frá lesefni.
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Stefnt er að því að öll börn fái huggulega lestrarstund í fámennum barnahópi að minnsta kosti 3x í viku. Hópar ættu ekki að standa saman af fleiri en fimm börnum. Það þýðir að fjöldi hópa á hverri deild verða fjórir til fimm. Tími til umræðna verður að skapast í og/eða eftir slíkar stundir og tækifæri fyrir starfsmann að gera skráningar varðandi stundirnar.
Hvernig á að framkvæma það?	Börnum verður skipt í fámenna lestrarhópa út frá mati deildarstjóra. Deildarstjóri óskar eftir aðkomu sérkennslustjóra og/eða læsis- og fjölmenningatrymis eftir þörfum varðandi hópaskipulagningu. Skráningarkerfi verður útbúið svo hægt sé að merkja við að hópar hafi farið í lestrarstund. Einnig merkt hvaða bók sé lesin. Starfsfólk fær fræðslu um skráningar út frá lesefni og umræðum um það í hópnum. Ákveðið verður í ágúst 2024 með hvaða hætti starfsfólk á deildum sinnir þessum umbótaþætti. Með því er átt við hvort einn ákveðinn deildarstarfsmaður sinni þessum stundum hjá öllum hópum deildarinnar eða hvort þessum stundum verði skipt á starfsfólk.
Hver er ábyrgðaraðili?	Deildarstjóri hverrar deildar er ábyrgur fyrir því að skipulagi stundanna sé framfylgt. Læsis- og fjölmenningatrymi, ásamt deildarstjórum, er ábyrgt fyrir því að kynna lesefni við hæfi ólíkra hópa og skipuleggja vinnu út frá lesefni með þætti máls samkvæmt læsisstefnu borgarinnar í huga. Óskað er eftir aðkomu stjórnenda eftir þörfum.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – júní 2025.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaþáttinn?	Deildarstjórar meta ásamt starfsfólki deildar á deildarfundum. Auk þess að læsis- og fjölmenningatrymi metur á reglulegum stöðufundum. Hvort heldur sem á deildarfundum eða læsis- og fjölmenningarfundum, verður upplifun skráð niður og metið hvort og hvaða umbætur þurfi að eiga sér stað milli matsfunda. Fyrir hvern matsfund taka deildarstjórar og/eða læsis- og fjölmenningatrymi saman skráningar um hvort hópar hafi náð því markmiði að komast 3x í viku í þessar stundir. Áætlað er að matsfundir fundir verði með skilvirkum hætti á 3-4 vikna fresti allt skólaárið og taki um 30 mínútur.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Allir hópar komist 3x í viku að lágmarki í þessar skipulögðu lestrarstundir.





7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

7.1 Starfsþróunarsamtöl

Formleg starfsþróunarsamtöl fóru fram á tímabilinu mars – maí 2024. Flest viðtöl tóku leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri saman. Fáein viðtöl voru tekin af leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra.

7.2 Endurmenntun og fræðsla

Í upphafi skólaárs var ákveðið að leggja ríka áherslu á endurmenntun og fræðslu starfsmanna. Auk þess að áhersla var á að starfsfólk af erlendum uppruna, sem þurfti aukna þjálfun í íslensku, myndi sækja íslenskunámskeið. Reykjavíkurborg styður við íslenskukennslu og starfsfólki býðst að sækja íslenskunámskeið án endurgjalds. Fjórir af sex deildarstjórum í Borg voru í háskólanámi í kennslu skólaárið 2023-2024 meðfram vinnu. Einn deildarstjóri ásamt sérkennslustjóra fór á PMTO námskeið á haustönn.

Allir deildarstjórar tóku þátt í fræðslu fyrir deildarstjóra sem borgin stendur fyrir. Sú fræðsla er kennd í lotum yfir skólaárið. Við nýttum auk þess menntastefnustyrk Borgar til þess að fá utanaðkomandi fyrirtæki til að koma inn með sérstaka stjórnendabjálfun og fræðslu út frá okkar þörfum og óskum. Þar var nálgunin með öðrum hætti en sú sem borgin stendur fyrir. Við vorum með skipulagða stjórnendateymisfundum yfir skólaárið þar sem sérfræðingur í geðheilbrigði var með okkur. Þar kom inn fræðsla og verkleg þjálfun eftir óskum leikskólastjóra og þarfagreiningu sérfræðingsins og leikskólastjóra. Öll þessi fræðsla og þjálfun stjórnendateymisins hefur skilað sér í auknum skilningi á því hvað stjórnendahlutverk felur í sér og styrkt stjórnendur í Borg í sínum störfum. Mikil ánægja hefur verið með þetta af hálfu stjórnendateymisins í Borg.

Fræðsla og þjálfun starfsfólks sem sinnir sérkennslu og/eða stuðningshlutverki hefur sömuleiðis farið fram á skólaárinu. Hjá okkur fóru þrír starfsmenn á námskeið um einhverfu og atferlisíhlutun.

Brúarsmiðir komu okkar á fræðslufund fyrir starfsfólk vorið 2024 og vakti það mikla lukku meðal þess starfsfólks sem sat þann fund. Brúarsmiðir eru á vegum Miðju máls og læsis og er hlutverk þeirra að byggja brú á milli fjölyngdra barna og foreldra þeirra, sem og starfsmanna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Til stendur að halda áfram að fá





brúarsmiði og/eða Miðju máls og læsis í Borg til að styðja frekar við læsis- og fjölmenningsvinnu.

7.3 Starfsdagar

6. október 2023

Þriggja klukkustunda praktísk fræðsla frá Barnaheillum um Blæ – vináttubangsann okkar. Námskeiðið var fyrir alla starfsmenn. Markmið og tilgangur var að starfsfólk fengi fleiri og fjölbreyttari hugmyndir í því hvernig Blær vináttubangsi er notaður sem námstæki fyrir börnin í Borg.

Eftir hádegi kom Arnrún Magnúsdóttir með fræðslu sem ber heitið „Samtalið fræðsla – ekki hræðsla“. Það er þjálfun í forvörnum um ofbeldi fyrir börn, foreldra og kennara. Fræðslan var túlkuð fyrir starfsfólk sem er að læra íslensku. Þrír túlkar voru á svæðinu, arabískur, pólskur og enskur.

1. desember 2023

Mental ráðgjöf ehf. kom á starfsdag og hélt með okkur vinnufund sem við nefndum „*Vindum ofan af okkur: Tekist á við streitu í leik og starfi*“. Vinnufundurinn var í formi fræðslu og hópavinnu. Áhersla var lögð á eftirfarandi þætti:

- Tilfinningar og viðbrögð við þeim
- Hugræn atferlismeðferð og mín uppskrift að góðri geðheilsu
- Streita og streituvíðbragðið
- Einkenni streitu
- Streituvaldar (útrænir, innrænir og persónubundnir)
- Aðferðir til streitustjórnar
- Aðgerðir til að ná tökum á streitu á vinnustað

Í umræðum og hópavinnu vann starfsfólk að eftirfarandi þáttum:

- Í umræðu við sætisfélaga
 - Mín eigin uppskrift að góðri geðheilsu
 - Streitueinkenni mín og mínar óheilbrigðu leiðir til að ná tökum á henni
- Umræður innan deildar (í hópi)
 - Streituvaldar á vinnustaðnum
 - Mögulegar aðgerðir til að ná tökum á streitu á vinnustað





5. febrúar 2024

Mental ráðgjöf ehf. kom aftur á starfsdag með áframhald frá starfsdegi í desember 2023. Þennan dag var fjallað um samskipti og sjálfstraust í samskiptum. Auk þess var farið yfir þágildandi samskiptasáttmála Borgar og unnið að uppfærslu, enda mikilvægt að hafa samskiptasáttmála uppfærðan með aðkomu allra starfsmanna. Unnið var í hópavinnu þar sem allir lögðu sitt af mörkum til sáttmálans.

24. og 26. apríl 2024

Starfsfólk fór í námsferð til Gdansk í Póllandi. Fyrri daginn áttum við dag í háskólanum í Gdansk þar sem við fengum fræðslu og kynningar frá 6 ólíkum aðilum sem komu úr fræðasamfélaginu og einnig voru þar stjórnendur í ólíkum leikskólum á svæðinu. Erindin fjölluðu um fjölmenningu í leikskólastarfi þar sem meðal annars var fjallað um val á bókum í starfinu sem endurspeglar margbreytileika samfélagsins. Við fengum jafnframt kynningu á niðurstöðum úr rannsókn sem gerð var á skólamálum í Póllandi eftir að stríðið í Úkraínu hófst.

17. maí 2024

Menntastefnumót Reykjavíkurborgar var á dagskrá 17. maí 2024. Þá voru starfsdagar í öllu leik-, grunn- og frístundastarfi Borgarinnar. Fyrir hádegi var fræðsla og umræða um framtíð menntunar á Íslandi þar sem hver starfsdagur horfði á í gegnum fjarfundarbúnað á sínum stað. Eftir hádegi sameinaðist allt leikskólastarfsfólk í Breiðholti í Ölduselsskóla þar sem við hlustuðum á kynningar á verkefnum úr leikskólum hverfisins. Verkefnin sem voru kynnt fjölluðu um þróunarverkefni á matstofu í Seljakoti og Seljaborg, samstarfsverkefni Suðurborgar og annarra erlendra skóla um inngildingu (e. inclusion) og kynningar á heilsustefnu Breiðholts. Auk þess kom Vanda Sigurgeirsdóttir með fyrirlestur þar sem hún ræddi um mikilvægi starfs okkar með börnum og hversu mikil áhrif við höfum.





8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólinn Borg hefur lengi verið í góðu samstarfi við grunnskólann í hverfinu, Breiðholtsskóla og frístundarheimilið Bakkasel. Til er skipulag yfir samstarfið sem unnið er eftir allt skólaárið. Sérstaklega eru það elstu börnin í Borg hverju sinni sem eru í mestu samstarfi við Breiðholtsskóla og Bakkasel. Við höfum þó fengið nemendur úr Breiðholtsskóla til okkar í Borg að lesa fyrir krakkana í Borg sem hefur vakið mikla lukku. Auk þess fáum við nemendur úr Breiðholtsskóla í leikskóla-vali til okkar, þar sem þeir kynnast því að starfa í leikskóla. Samstarfsáætlunin er skoðuð í upphafi hvers skólaárs og metið hvort eigi að breyta henni. Slíkt hið sama verður vitanlega gert í ágúst 2024.

9 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna er einn af stóru og mikilvægu þáttunum í farsælu leikskólastarfi. Á síðasta skólaári voru kynningarfundir fyrir foreldra um haustið. Þeir voru vel sóttir sem var afar ánægjulegt. Auk kynningar á starfinu var foreldrum gert ljóst að í leikskólann væru foreldrar ávallt velkomnir í spjall. Fjölskyldukaffi var haldið í byrjun desember. Þar var fjölskyldum boðið að koma í leikskólann og eiga notalega stund með börnunum og starfsfólki þar sem boðið var upp á kaffi og smákökur. Foreldrasamtöl er fastur liður í starfinu þar sem boðið er upp á samtal deildarstjóra og foreldra að minnsta kosti einu sinni á skólaári. Á síðasta ári var í fyrsta skipti prófað nýtt fyrirkomulag á því í Borg, þar sem leitast var við að hafa foreldrasamtal í kringum afmælisdag barnanna. Það tókst að einhverju leyti en ekki öllu en við ætlum að prófa það fyrirkomulag aftur skólaárið 2024-2025. Markmiðið með því er að dreifa samtölunum jafnar yfir árið í staðinn fyrir að safna þeim á fáeina daga á stuttu tímabili.

Skólaárið 2024-2025 verður notað til aukinnar foreldrasamvinnu. Það felst meðal annars í því að heyra sjónarmið foreldra í auknum mæli með rafrænum ör-könnunum, þar sem foreldrum gefst færi á að koma á framfæri skoðunum sínum um starf barna sinna. Þá stendur jafnframt til að stórauka skráningar á námi barnanna sem eiga að vera aðgengilegar foreldrum. Aukin foreldrasamvinna felst einnig í því að halda „foreldraviku“ þar sem foreldrum gefst kostur á að koma í leikskólann og dvelja yfir ákveðnar stundir til að kynnast





leikskólanum enn betur og störfum okkar. Tímasetning foreldravíku og annarra foreldraviðburða er aðgengileg á skólalagatali sem fylgir með starfsáætlun í viðhengi.

10 Skipulagsdagar og leikskólalagatal

Skipulagsdagar á skólaárinu 2024-2025 eru sem hér segir, **með fyrirvara um breytingar:**

23. ágúst (föstudagur)

4. október – (föstudagur - sameiginlegur starfsdagur í Borg, Bakkaborg og Breiðholtsskóla)

29. nóvember (föstudagur - sameiginlegur starfsdagur í Borg, Bakkaborg og Breiðholtsskóla)

3. febrúar (mánudagur – sameiginlegur starfsdagur í Borg, Bakkaborg og Breiðholtsskóla)

21. mars (föstudagur)

16. maí (föstudagur)





11 Fylgiskjöl

11.1 Umbótaáætlun deilda 2024-2025

11.1.1 Lóuholt & Arnarholt – yngstu deildir í Borg (árgangar 2021 og 2022)

Umbótapáttur: Hæglæti í leik og starfi	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Stefnt er að auknu hæglæti í leik og starfi þar sem þörfum barna og námi þeirra er mætt óháð því hvað klukkan slær. Markmiðið er að börn séu sem oftast í smáum hópum í daglegu starfi til að skapa sem ákjósanlegasta umhverfi fyrir leik og starf.
Hvernig á að framkvæma það?	Til að hæglátt umhverfi geti skapast þarf sveigjanlegt dagskipulag, þar sem aukinn tími og rými er fyrir frjálsum leik. Skipuleggja þarf tíma og rými þannig að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu námsefni í aðlaðandi rými. Skipulag þarf að vera á því hversu mörg börn eru í sama rými hverju sinni svo gætt sé að því að börnin fái tækifæri til að blómstra í aðlaðandi námsumhverfi.
Hver er ábyrgðaraðili?	Deildarstjórar
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótapáttinn?	Stjórnendateymi metur með reglulegum fundum á 4-6 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Vonin er að með auknu hæglæti í leik og starfi skili það sér í streituminna umhverfi fyrir börn og starfsfólk. Með mati á því hvernig gengur að halda börnum í auknum frjálsum leik í ákjósanlegu rými miðað við fjölda gefur okkur færi á að sjá hvernig tekst til.

Umbótapáttur: Sjálfshjálp og sjálfstæði	
Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Að börnin fái tíma og rými til þess að takast á við verkefni eins og að klæða sig í og úr útifötum, athafna sig í matstofu og velja sér námsefni sjálf. Markmiðið er að þau fái jákvæða hvatningu, upplifi sig geta og valdeflist hvert á sínum forsendum.
Hvernig á að framkvæma það?	Að gefa tíma og rými þar sem fá börn eru samankomin með starfsfólki í aðstæðum sem veita námstækifæri til aukinnar sjálfhjálpar og sjálfstæðis, svo sem í fataklefa, matstofu og í frjálsum leik.
Hver er ábyrgðaraðili?	Deildarstjóri og starfsfólk deilda
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2024 – júní 2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótapáttinn?	Deildarstjórar og starfsfólk á deildum. Matstofuteymi. Mat gert á deildarfundum þar sem deildarstjóri skráir niður út frá samtali deildarstarfsmanna hvernig metið er hvernig gengur að halda skipulagi varðandi að hafa fá börn með starfsfólki í sem flestum aðstæðum. Matstofuteymi sem sett verður á laggirnar metur heilt yfir framgang mála í matstofum.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Markmiðið með umbótapættinum er að börnin læri aukna sjálfhjálp og öðlist aukið sjálfstæði með jákvæðri hvatningu og að þau geri sjálf (e. learning by doing). Sé það upplifun starfsfólks þegar mat fer fram er það viðmið um góðan árangur.





Umbótaáttur: Skráningar á námi barna

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Auka á skráningar á námi barna með það að markmiði að gera nám þeirra sýnilegra foreldrum og aðgengilegt í ferilmöppu barna.
Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um skráningar til starfsmanna mun fara fram á starfsdegi 23. ágúst. Eftir það halda aðstoðarleikskólastjórar utan um stuðning við deildarstjóra og starfsmenn. Markviss vinna með ferilmöppur barna, þar sem samræmi verður á ákveðnum námsþáttum sem fara í ferilmöppur.
Hver er ábyrgðaraðili?	Aðstoðarleikskólastjórar halda utan um fræðslu um skráningar til alls starfsfólks og verða til stuðnings eins og óskað er eftir. Deildarstjórar bera ábyrgð á að skráningum sé sinnt og skipuleggja starfið út frá skráningum með aðkomu aðstoðarleikskólastjóra ef þörf er á.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaáttinn?	Deildarstjórar og stjórnendur með matsfundum á 4 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að skráningar fari fram og séu sýnilegar, foreldrar séu upplýstir um nám barna sinna með skráningum. Að sett verði í ferilmöppur ákveðin verk tengt námsefni barnanna.





11.1.2 Spóaholt og Fálkaholt – miðeildir í Borg (árgangar 2020, 2021 og 2022)

Umbótaáttur: Hæglæti í leik og starfi

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Stefnt er að auknu hæglæti í leik og starfi þar sem þörfum barna og námi þeirra er mætt óháð því hvað klukkan slær. Markmiðið er að börn séu sem oftast í smáum hópum í daglegu starfi til að skapa sem ákjósanlegasta umhverfi fyrir leik og starf.
Hvernig á að framkvæma það?	Til að hæglátt umhverfi geti skapast þarf sveigjanlegt dagskipulag, þar sem aukinn tími og rými er fyrir frjálsan leik. Skipuleggja þarf tíma og rými þannig að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu námsefni í aðlaðandi rými. Skipulag þarf að vera á því hversu mörg börn eru í sama rými hverju sinni svo gætt sé að því að börnin fái tækifæri til að blómstra í aðlaðandi námsumhverfi.
Hver er ábyrgðaraðili?	Deildarstjórar
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaáttinn?	Stjórnendateymi metur með reglulegum fundum á 4-6 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Vonin er að með auknu hæglæti í leik og starfi skili það sér í streituminna umhverfi fyrir börn og starfsfólk. Með mati á því hvernig gengur að halda börnum í auknum frjálsum leik í ákjósanlegu rými miðað við fjölda gefur okkur færi á að sjá hvernig tekst til.

Umbótaáttur: Lubbi finnur málbein

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Auka sýnileika á vinnu sem er unnin með námsefnið Lubbi finnur málbein. Halda uppteknum hætti við eitt máhljóð á viku.
Hvernig á að framkvæma það?	Ummerki um Lubba í leikskólanum verða aukin, til dæmis með hólfamerkingum, skráningum á Lubbastundum og skráningar gerðar sýnilegar/aðgengilegar.
Hver er ábyrgðaraðili?	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaáttinn?	Skráningar á ummerkjum um Lubba.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að viðfangsefni um Lubba og námsefnið hans verði sýnilegt í leikskólanum.





Umbótaáttur: Skráningar á námi barna

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Auka á skráningar á námi barna með það að markmiði að gera nám þeirra sýnilegra foreldrum og aðgengilegt í ferilmöppu barna.
Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um skráningar til starfsmanna mun fara fram á starfsdegi 23. ágúst. Eftir það halda aðstoðarleikskólastjórar utan um stuðning við deildarstjóra og starfsmenn. Markviss vinna með ferilmöppur barna, þar sem samræmi verður á ákveðnum námsþáttum sem fara í ferilmöppur.
Hver er ábyrgðaraðili?	Aðstoðarleikskólastjórar halda utan um fræðslu um skráningar til alls starfsfólks og verða til stuðnings eins og óskað er eftir. Deildarstjórar bera ábyrgð á að skráningum sé sinnt og skipuleggja starfið út frá skráningum með aðkomu aðstoðarleikskólastjóra ef þörf er á.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaáttinn?	Deildarstjórar og stjórnendur með matsfundum á 4 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að skráningar fari fram og séu sýnilegar, foreldrar séu upplýstir um nám barna sinna með skráningum. Að sett verði í ferilmöppur ákveðin verk tengt námsefni barnanna.





11.1.3 Krummaholt & Ugluholt – deildir elstu barna í Borg (árgangar 2019 og 2020)

Umbótapáttur: Hæglæti í leik og starfi

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Stefnt er að auknu hæglæti í leik og starfi þar sem þörfum barna og námi þeirra er mætt óháð því hvað klukkan slær. Markmiðið er að börn séu sem oftast í smáum hópum í daglegu starfi til að skapa sem ákjósanlegasta umhverfi fyrir leik og starf.
Hvernig á að framkvæma það?	Til að hæglátt umhverfi geti skapast þarf sveigjanlegt dagskipulag, þar sem aukinn tími og rými er fyrir frjálsum leik. Skipuleggja þarf tíma og rými þannig að börnin hafi aðgang að fjölbreyttu námsefni í aðlaðandi rými. Skipulag þarf að vera á því hversu mörg börn eru í sama rými hverju sinni svo gætt sé að því að börnin fái tækifæri til að blómstra í aðlaðandi námsumhverfi.
Hver er ábyrgðaraðili?	Deildarstjórar
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótapáttinn?	Stjórnendateymi metur með reglulegum fundum á 4-6 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Vonin er að með auknu hæglæti í leik og starfi skili það sér í streituminna umhverfi fyrir börn og starfsfólk. Með mati á því hvernig gengur að halda börnum í auknum frjálsum leik í ákjósanlegu rými miðað við fjölda gefur okkur færi á að sjá hvernig tekst til.

Umbótapáttur: Skráningar á námi barna

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Auka á skráningar á námi barna með það að markmiði að gera nám þeirra sýnilegra foreldrum og aðgengilegt í ferilmöppu barna.
Hvernig á að framkvæma það?	Fræðsla um skráningar til starfsmanna mun fara fram á starfsdegi 23. ágúst. Eftir það halda aðstoðarleikskólastjórar utan um stuðning við deildarstjóra og starfsmenn. Markviss vinna með ferilmöppur barna, þar sem samræmi verður á ákveðnum námsþáttum sem fara í ferilmöppur.
Hver er ábyrgðaraðili?	Aðstoðarleikskólastjórar halda utan um fræðslu um skráningar til alls starfsfólks og verða til stuðnings eins og óskað er eftir. Deildarstjórar bera ábyrgð á að skráningum sé sinnt og skipuleggja starfið út frá skráningum með aðkomu aðstoðarleikskólastjóra ef þörf er á.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótapáttinn?	Deildarstjórar og stjórnendur með matsfundum á 4 vikna fresti.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að skráningar fari fram og séu sýnilegar, foreldrar séu upplýstir um nám barna sinna með skráningum. Að sett verði í ferilmöppur ákveðin verk tengt námsefni barnanna.





Umbótaáttur: Lubbi finnur málbein

Tækifæri til umbóta: Að hverju er stefnt?	Auka sýnileika á vinnu sem er unnin með námsefnið Lubbi finnur málbein. Halda uppteknum hætti við eitt máhljóð á viku.
Hvernig á að framkvæma það?	Ummerki um Lubba í leikskólanum verða augin, til dæmis með hólfamerkingum, skráningum á Lubbastundum og skráningar gerðar sýnilegar/aðgengilegar.
Hver er ábyrgðaraðili?	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjórar og deildarstjórar.
Hvenær hefst umbótavinna og hvenær eru áætluð lok?	Skólaárið 2024-2025.
Hverjir, hvenær og hvernig á að meta umbótaáttinn?	Skráningar á ummerkjum um Lubba.
Viðmið um árangur - gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði.	Að viðfangsefni um Lubba og námsefnið hans verði sýnilegt í leikskólanum.





Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs? Já

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg? Já

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra? Já

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina? Nei

Foreldraráð hefur lesið yfir starfsáætlun Leikskólans Borgar. Foreldraráð er spennt fyrir komandi skólaári, eftir þær mikilvægu breytingar sem fengust í gegn með því að fá inn tvo nýja aðstoðarleikskólastjóra, sem verða með fasta stöðu, hvor í sínu húsi. Við teljum þessar breytingar mikið framfaraskref og mikilvægar fyrir þróun alls fagstarfs á leikskólanum. Foreldraráð hlakkar til að fylgjast með nýju stjórnendateymi og eiga við það gott samstarf. Einnig fagnar foreldraráð áætlunum um aukið upplýsingaflæði til foreldra og ósk eftir þátttöku þeirra í árangursmati á því. Starfsáætlun og skóladagatal Leikskólans Borg er samþykkt af foreldraráði.

Fulltrúar í foreldraráði:

Áslaug Einarsdóttir

Eyrún Briem Kristjánsdóttir

Hafdís Ósk Baldursdóttir

Sunnefa Pálsdóttir

F. h. leikskólans Borgar

Leikskólastjóri

Dagsetning



